

Johannes Brahms

Ein deutsches Requiem

Langholtskirkju 5. maí 2007 kl. 16

Einsöngvarar

Sigrún Hjálmtýsdóttir

Kristinn Sigmundsson

Kór

Vox Academica

Hljómsveit

Jón Leifs Camerata

Stjórnandi

Hákon Leifsson



Um Johannes Brahms

Johannes Brahms fæddist sjöunda maí 1833 í Hamborg. Faðir hans, Johann Jakob Brahms, var kontrabassaleikari sem fluttist til Hamborgar frá Slésvík-Holsetalandi til að vinna fyrir sér með hljóðfæraleik. Í upphafi spilaði



hann fyrir dansi í rauða hverfi Hamborgar en vann sig með tímanum upp í stöðu kontrabassaleikara við Borgarleikhúsið þar í borg. Móðirin, Christiane Nissen, var saumakona og manni sínum sautján árum eldri.

Johannes Brahms nam píanóleik frá sjö ára aldri og þótti snemma prýðilegur píanósnullingur. Hann var ungur farinn að leika á tónleikum og hélt í sína fyrstu tónleikaför níttján ára að aldri.

Brahms var árið 1853 kynntur fyrir Clöru og Robert Schumann, sem heilluðust af gáfum hans. Schumann tók jafnvel svo djúpt í árinna að kynna Brahms sem “Messías framtíðarinnar” vegna þeirra hæfileika sem hann sá í þessu unga tónskáldi. Stuttu seinna veiktist Schumann og lést árið 1856, eftir tveggja ára sjúkdómslegu. Veikindi og dauði Schumanns höfðu djúp áhrif á Brahms.

Fyrstu tónsmíðar Brahms eru sönglög, smá píanóverk, kvartett og tríó. Árið 1857 var hann fastráðinn við hirð furstans Leopold von Lippe-Detmold og frumflutti píanókoncert sinn nr. 1 í d-moll árið 1859, aðeins 25 ára að aldri, við vægast sagt misjafnar undirtektir. Árið 1862 kom hann í fyrsta sinn til Vínarborgar og fór brátt að eyða þar sífellt meiri tíma. Árin 1872 -1874 var hann fastráðinn sem tónlistarstjóri Tónlistarfélags Vínarborgar (*Gesellschaft der Musikfreunde*). Það var hans síðasta formlega staða, en eftir þetta vann hann við tónlistarsköpun og einstaka sinnum sem píanisti. Hann lést úr lifrabólgu árið 1897 í Vínarborg.

Frægðin gerði hann mjög óvæginn gagnvart sínum eigin verkum. *Ein Deutes Requiem* var í vinnslu allt að 12 ár. Frumdrög þess eiga rætur að rekja allt aftur til ársins 1854, en 1856 tók hann aftur til við verkið eftir lát Schumanns. Er móðir hans féll frá árið 1865 komst skriður á skrif sálumessunnar. Fimmta kafla (“Eins og móðir huggar son sinn, eins mun ég hugga yður.”) bætti Brahms ekki við fyrr en eftir frumflutning verksins á föstudaginn langa, 10. apríl 1868 í Bremen.

Ein Deutsches Requiem

Þýsk sálumessa beinist að eftirlifendum, en ekki framliðnum. Tilgangurinn með henni er ekki fyrirbæn fyrir skjótri ferð hinna dánu í gegnum hreinsunareldinn, eins og í klassískri sálumessu Mozarts né er hún byggð á jarðarfararritúali kirkjunnar, eins og í nútímaverki Rutters. Verkið er meira í líkingu við guðsþjónustu orðsins eða óratoríu, þar sem textar Biblíunnar fá að tala sínu máli. Aðeins ein bæn er í verkinu og beinist hún að styrkingu sjálfsins, tekin beint úr sálmabók Biblíunnar (3. kafli). Ávarpið “veit þeim, Drottinn, eilífa hvíld” er ekki að finna í verki Brahms, sem er þó lokapunktur hvers hefðbundins “Requiem”. Engin lofgjörð er til hins þríeina Guðs (doxología), aldrei er Jesús nefndur á nafn. Hér er hvorki rétttrúnaður né kreddufesta. Aðeins er um að ræða klassíska texta jarðarfarar, huggunartexta, vonartexta og trúartexta sem settir eru saman þannig að syrgjandinn geti fundið tilfinningum sínum farveg. Orðin “húmanískt requiem” hafa heyrst í sambandi við verkið, enda er það samið á miklum umbrotatímum heimspeki og hugvísinda. Hvort svo er raunin verður hlustandinn þó sjálfur að segja til um.

Hákon Leifsson

lagði stund á hornleik við Konunglega konservatoríið í Kaupmannahöfn og lauk kennaraprófi á hljóðfærið 1986 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þá stundaði hann tónsmíðanám hjá Hallgrími Helgasyni, Atla Heimi Sveinssyni og við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Hákon lauk Masters of Music-prófi í hljómsveitarstjórn frá New England Conservatory í Boston árið 1990 og hefur starfað talsvert sem hljómsveitarstjóri, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku hljómsveitinni, CAPUT, Jón Leifs camerata og Blásarakvintett Reykjavíkur. Hákon hefur stjórnað Háskólakórnum í rúman áratug og stofnaði kammerkórinn Vox academica árið 1996. Hákon lauk doktorsprófi frá University of Washington, Seattle í ágúst 2004 undir handleiðslu prófessors Abraham Kaplan og Peter Erös. Hákon er einnig menntaður leikari og hefur unnið talsvert í leikhúsi, bæði sem leikari og tónskáld. Frá 2001 hefur hann verið organisti og kórstjóri við Keflavíkurkirkju.



Kristinn Sigmundsson

Kristinn Sigmundsson hefur komið fram í flestum virtustu tónlistar- og óperuhúsum heims; Vínaróperunni, Metropolitan óperunni í New York, La Scala í Mílanó, Wiener Staatsoper, The Royal Albert Hall og Covent Garden á Englandi auk óperuhúsanna í Amsterdam, Barcelona, Berlín, Dresden, Düsseldorf, Genf, Köln, Flórens, París og San Francisco. Kristinn hefur tekið þátt í erlendum hljóðritunum á vegum Decca, Philips og Harmonia



Mundi með ýmsum þekktum hljómsveitum og stjórnendum.

Kristinn hefur verið störfum hlaðinn að undanfögnu og má sem dæmi nefna að á síðastliðnu ári söng hann í Rómeó og Júlíu eftir Gounod og Fidelio eftir Beethoven í Metrópólitan-óperunni í New York, í Valkyrjunum eftir Wagner í Feneyjum, Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart í Trieste, Rósariddaranum eftir

Richard Strauss í München, Ítölsku stúlkunni í Alsír eftir Rossini í Vínaróperunni, Tristan und Isolde eftir Wagner og Rigoletto eftir Verdi í San Francisco óperunni.

Í sumar verður Kristinn í San Francisco óperunni og syngur í Don Giovanni og Rósariddurunum eftir Richard Strauss og í haust tekur hann þátt í sýningum á Rómeó og Júlíu í Metrópólitan-óperunni og Parsifal í Napóli. Kristinn Sigmundsson hlaut Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1994. Kristinn var valinn heiðurslistamaður Kópavogs á 50 ára afmæli bæjarins 11. maí 2005.

Sigrún Hjálmtýsdóttir

Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, eina ástsælustu sópransöngkonu Íslendinga, þarf vart að kynna. Hún hóf söngferil sinn reyndar á sviði dægurtónlistar, til dæmis með aðild að Spilverki Þjóðanna. Hún hóf snemma að læra klassískan söng, fyrst í tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar Guildhall School of Music í London, þar sem margir íslenskir söngvarar hafa sótt menntun sína. Síðar lá leið hennar til Ítalíu.

Eftir heimkomuna hefur hún tekið þátt í margskonar uppfærslum og sýningum, sem er til vitnis um fjölbreytta hæfileika hennar sem listamanns. Vandasamt er að velja sýnishorn af hlutverkaskrá en af sjónvarpsuppfærslum má nefna fröken Gudmundsen í Brekkukotsannál og

Lóu í Silfurtungli Halldórs Laxness í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar. Fyrsta leiksviðstúlkun hennar hér á landi var árið 1988 sem brúðan Ólympía í uppfærslu Þjóðleikhússins á Ævintýrum Hoffmanns.

Í íslensku óperunni hefur hún sungið hlutverk Súsönnu í Brúðkaupi Fígarós, Gildu í Rigoletto, Papagenu og Næturdrottninguna í Töfraflautunni, Lúsíu í Lucia di Lammermoor, Víolettu í La Traviata, Adínu í Ástardrykknum og Rósalindu í Leðurblökunni. Árið 1994 fór hún með þrjú hlutverk í uppfærslu Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins og Listahátíðar á Niflungahring Wagners. Margir muna eflaust eftir henni í kvikmyndinni Karlakórnum Heklu, þar sem hún söng

aríu Næturdrottningarinnar við undirleik Gísla Halldórssonar og Bíódögum, þar sem hún lék móður söguhetjunnar. Hún hefur margoft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sungið inn á sex einsöngsplötur við undirleik hljómsveitarinnar. Á Listahátíð árið 2000 kom hún fram á stórtónleikum með þeim Kristjáni Jóhannssyni, Kristni Sigmundssyni og Rannveigu Friðu Bragadóttur. Diddú kom



fram með José Carreras á eftirminnilegum tónleikum í Laugardalshöll og hlotnaðist sá heiður að stíga á stökk með Placido Domingo á tónleikum hans í Egilshöll. Diddú söng síðast í Brahms Requiem í London. Diddú er nýkomin frá Amsterdam og framundan eru tónleikaferðir til Nuuk, Osló, Strassburg og Moskvu. Árið 1995 var Sigrún sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu.

Texti sálumessunnar

I. Selig sind, die da Leid tragen

[Ziemlich langsam und mit Ausdruck. F-Dur, C]

Selig sind, die da Leid tragen,
denn sie sollen getröstet werden.

(Matthäus 5,4)

Die mit Tränen säen,
werden mit Freuden ernten.
Sie gehen hin und weinen
und tragen edlen Samen,
und kommen mit Freuden
und bringen ihre Garben.

(Psalm 126,5.6.)

II. Denn alles Fleisch, es ist wie Gras

[Langsam, marschmäßig, b-Moll, 3/4]

Denn alles Fleisch, es ist wie Gras
und alle Herrlichkeit des Menschen
wie des Grases Blumen.
Das Gras ist verdorret
und die Blume abgefallen.

(1. Petrus 1, 24)

[Etwas bewegter. Ges-Dur, 3/4]

So seid nun geduldig, liebe Brüder,
bis auf die Zukunft des Herrn.
Siehe, ein Ackermann wartet
auf die köstliche Frucht der Erde
und ist geduldig darüber,
bis er empfahe den Morgenregen und Abendregen.
So seid geduldig.

(Jakobus 5, 7)

[Tempo I. b-Moll, 3/4]

Denn alles Fleisch, es ist wie Gras
und alle Herrlichkeit des Menschen
wie des Grases Blumen.
Das Gras ist verdorret
und die Blume abgefallen.

[Un poco sostenuto. B-Dur, C]

Aber des Herren Wort bleibt in Ewigkeit.

(1. Petrus 1, 24. 25)

I. Sælir eru sorgbitnir

Sælir eru sorgbitnir,
því að þeir munu huggaðir verða.
(Matteusarguðspjall 5,4)

Þeir sem sá með tárur,
munu uppskera með gleðisöng.
Grátandi fara menn
og bera sæðið til sáningar,
með gleðisöng koma þeir aftur
og bera kornbindin heim.
(126. Davíðssálmur, 5-6)

II. Því að allt hold er sem gras

Því að allt hold er sem gras
og öll vegsemd þess
sem blóm á grasi;
grasið skrælnar
og blómið fellur.
(Fyrri Pétursbréf 1,24)

Þreyið því, bræður,
þangað til Drottinn kemur.
Sjáið akuryrkjumanninn, hann bíður
eftir hinum dýrmæta ávexti jarðarinnar
og þreyir eftir honum,
þangað til hann hefur fengið haustregn og vorregn.
Þreyið því.
(Jakobsbréfið 5,1)

Því að allt hold er sem gras
og öll vegsemd þess
sem blóm á grasi;
grasið skrælnar
og blómið fellur.

En orð Drottins varir að eilífu.
(Fyrri Pétursbréf 1,24-25)

[Allegro non troppo, B-Dur, C]

Die Erlöseten des Herrn werden wiederkommen,
und gen Zion kommen mit Jauchzen;
Freude, ewige Freude,
wird über ihrem Haupte sein;
Freude und Wonne werden sie ergreifen,
und Schmerz und Seufzen wird weg müssen.

(Jesaja 35, 10)

III. Herr, lehre doch mich

[Andante moderato, d-Moll, C]

Herr, lehre doch mich,
daß ein Ende mit mir haben muß.
und mein Leben ein Ziel hat,
und ich davon muß.
Siehe, meine Tage sind
einer Hand breit vor Dir,
und mein Leben ist wie nichts vor Dir.

[(Andante moderato. d-Moll) 3/2]

Ach wie gar nichts sind alle Menschen,
die doch so sicher leben.
Sie gehen daher wie ein Schemen
und machen ihnen viel vergebliche Unruhe;
sie sammeln und wissen nicht,
wer es kriegen wird.
Nun Herr, wes soll ich mich trösten?

[(Andante moderato.) D-Dur (3/2)]

Ich hoffe auf Dich.

(Psalm 39, 5-8)

[(Andante moderato.) d-Moll, C]

Der Gerechten Seelen sind in Gottes Hand
und keine Qual rühret sie an.

(Weisheit Salomos 3, 1)

IV. Wie lieblich sind Deine Wohnungen, Herr Zebaoth

[Mäßig bewegt. Es-Dur, 3/4]

Wie lieblich sind Deine Wohnungen,
Herr Zebaoth!
Meine Seele verlangt und sehnet sich
nach den Vorhöfen des Herrn;
Mein Leib und Seele freuen sich
in dem lebendigen Gott.
Wohl denen, die in Deinem Hause wohnen,
die loben Dich immerdar.

(Psalm 84, 2.3.5)

Hinir endurkeyptu Drottins skulu aftur hverfa.
Þeir koma með fögnuði til Síonar,
og eilíf gleði
skal leika yfir höfði þeim.
Fögnuður og gleði skal fylgja þeim,
en hryggð og andvarpan flýja.
(*Jesaja 35,10*)

III. Lát mig, Drottinn

Lát mig, Drottinn,
sjá afdrif mín
og hvað mér er útmælt af dögum,
lát mig sjá, hversu skammær ég er.
Sjá, örfáar þverhendur
hefir þú gjört daga mína,
og ævi mín er sem ekkert fyrir þér.

Andgustur einn eru allir menn.
(sem lifa í öryggi)
Sem tómur skuggi gengur maðurinn um,
gjörir háreysti um hégómann einan,
hann safnar í hrúgur, en veit eigi
hver þær hlýtur.
Hvers vona ég þá, Drottinn?

Von mín er öll á þér.
(*39. Davíðssálmur, 5-8*)

Sálir réttlátra eru í hendi Guðs,
og engin kvöl snertir þær.
(*Speki Salómons 3, 1*)

IV. Hversu yndislegir eru bústaðir þínir

Hversu yndislegir eru bústaðir þínir,
Drottinn hersveitanna.
Sálu mína langaði til, já, hún þráði
forganða Drottins,
nú fagnar hjarta mitt og hold
fyrir hinum lifanda Guði.
Sælir eru þeir, sem búa í húsi þínu,
þeir munu ætíð lofa þig.
(*84. Davíðssálmur, 2-3,5*)

V. Ihr habt nun Traurigkeit

[Langsam. G-Dur, C]

Ihr habt nun Traurigkeit;
aber ich will euch wiedersehen,
und euer Herz soll sich freuen,
und eure Freude soll niemand von euch nehmen.
(Johannes 16, 22)

Ich will euch trösten,
wie einen seine Mutter tröstet.
(Jesaja 66, 13)

Sehet mich an: Ich habe eine kleine Zeit
Mühe und Arbeit gehabt
und habe großen Trost gefunden.
(Jesus Sirach 51, 35)

VI. Denn wir haben hie keine bleibende Statt

[Andante. c-Moll, C]

Denn wir haben hie keine bleibende Statt,
sondern die zukünftige suchen wir.
(Hebräer 13, 14)

Siehe, ich sage Euch ein Geheimnis:
Wir werden nicht alle entschlafen,
wir werden aber alle verwandelt werden;
und dasselbige plötzlich in einem Augenblick,
zu der Zeit der letzten Posaune.

[Vivace. c-Moll, 3/4]

Denn es wird die Posaune schallen
und die Toten werden auferstehen unverweslich;
und wir werden verwandelt werden.
Dann wird erfüllet werden das Wort,
das geschrieben steht.
Der Tod ist verschlungen in den Sieg.
Tod, wo ist dein Stachel?
Hölle, wo ist dein Sieg?
(1 Korinther 15, 51.52.54.55.)

[Allegro. C-Dur, C]

Herr, Du bist würdig
zu nehmen Preis und Ehre und Kraft,
denn Du hast alle Dinge erschaffen,
und durch Deinen Willen haben sie das Wesen
und sind geschaffen.
(Offenbarung Johannis 4, 11)

V. Eins eruð þér nú hryggir

Eins eruð þér nú hryggir,
en ég mun sjá yður aftur,
og hjarta yðar mun fagna,
og enginn tekur fögnuð yðar frá yður.
(Jóhannesarguðspjall 16,22)

Eins og móðir huggar son sinn,
eins mun ég hugga yður.
(Jesaja 66,13)

Lítið á mig, ég hef um skamma hríð
erfiðað og starfað
og hef fundið mikla huggun.
(Síraksbók 51, 35)

VI. Því að hér höfum vér ekki borg er stendur

Því að hér höfum vér ekki borg er stendur,
heldur leitum vér hinnar komandi.
(Hebreabréfið 13,14)

Sjá, ég segi yður leyndardóm:
Vér munum ekki allir sofna,
en allir munum vér umbreytast
í einni svipan, á einu augabragði,
við hinn síðasta lúður.

Því lúðurinn mun gjalla
og þá munu hinir dauðu upp rísa óförgengilegir,
og vér munum umbreytast.
Þá mun rætast orð það,
sem ritað er:
Dauðinn er uppsvelgdur í sigur.
Dauði, hvar er broddur þinn?
Hel, hvar er sigur þinn?
(Fyrri Kórintubréf 15,51-52; 54-55)

Verður ert þú, Drottinn vor og Guð,
að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn,
því að þú hefur skapað alla hluti,
og fyrir þinn vilja urðu þeir til
og voru skapaðir.
(Opinberun Jóhannesar 4,11)

VII. Selig sind die Toten, die in dem Herrn sterben

[Feierlich. F-Dur, C]

Selig sind die Toten,
die in dem Herrn sterben,
von nun an.
Ja, der Geist spricht,
daß sie ruhen von ihrer Arbeit;
denn ihre Werke folgen ihnen nach.
(Offenbarung Johannis 14, 13)

Um Vox Academica

Vox academica er kammerkór á sínu tólfta starfsári, en kórinn var upphaflega stofnaður sem eins konar framhaldsdeild frá Háskólakórnum og var þá einkum skipaður Háskólakórsfélögum sem lokið höfðu háskólanámi en vildu halda áfram að syngja. Síðan þá hefur kórinn þróast út í að vera almennur kór og félagarnir koma til starfa úr ýmsum áttum, en eiga það sameiginlegt að hafa umtalsverða kórreynslu eða vera tónlistarmenntaðir.

Kórinn hefur undanfarin ár skapað sér nafn og nokkurn virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og hefur eignast traustan hóp áheyranda. Efnisskrá kórsins hefur frá upphafi verið mjög metnaðarfull og fjölbreytt og áhersla lögð á að flytja jafnt klassísk kórverk, íslensk og erlend, sem og samtímatónlist, sem oft hefur verið samin sérstaklega fyrir kórinn. Á Myrkum músíkdögum í febrúar 2006 flutti kórinn metnaðarfulla dagskrá íslenskra samtímakórverka þar sem þrjú af sex verkum á efnisskránni voru samin sérstaklega fyrir kórinn og frumflutt við þetta tækifæri. Flutningur kórsins fékk afbragðsdóma. Kórinn heldur að jafnaði tvenna tónleika á ári og hefur lagt áherslu á að flytja að minnsta kosti eitt stórt kórverk með hljómsveit ár hvert. Meðal klassískra kórverka sem kórinn hefur flutt má nefna Sálumessu eftir Fauré, Carmina burana eftir Orff og Glorieu eftir Vivaldi, en meðal stærri samtímaverka má nefna Lincoln Mass eftir Úlfar Inga Haraldsson, African Sanctus eftir David Fanshawe og Hjörturinn skiptir um dvalarstað eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson. Flutningur Vox academica, Diddúar og Rússíbananna á síðastnefnda verkinu kom út á geisladiski árið 2003 og var diskurinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna það ár. Síðustu verkefni kórsins voru Requiem e. Mozart í apríl 2006, tónleikaferð til Færeyja í maí 2006, þættir úr Messías eftir Händel og Magnificat eftir Bach í desember 2006. Stjórnandi og stofnandi Vox academica er Hákon Leifsson, en frekari upplýsingar má finna á www.habil.is/vox.

VII. Sælir eru dánir, þeir sem í Drottni deyja

Sælir eru dánir,
þeir sem í Drottni deyja
upp frá þessu.
Já, segir andinn,
þeir skulu fá hvíld frá erfiði sínu,
því að verk þeirra fylgja þeim.
(Opinberun Jóhannesar 14,13)



Sópran

Anna Gyða Gunnlaugsdóttir
Ásdís Arnalds
Bryndís Hulda Ásgeirsdóttir
Dagný E. Arnalds
Halla Sigrún Sigurðardóttir
Hildur Þráinsdóttir
Jónína Lýðsdóttir
Ólöf Elisabet Þórðardóttir
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Sigríður Dalmannsdóttir
Sólveig Gísladóttir
Unnur Hermannsdóttir
Þórdís Bragadóttir
Þóra Dal Þorsteinsdóttir

Vilborg Þórhallsdóttir
Þorgerður Aðalgeirsdóttir
Þóra Másdóttir
Þóra H. Passauer
Yrsa Þórðardóttir

Tenór

Carlos Ferrer
Eggert Ó. Jóhannsson
Gestur Ásólffsson
Gunnar Örn Ingólfsson
Hjörvar Pétursson
Þengill Ólafsson
Þorsteinn M. Björnsson
Þráinn Guðbjörnsson

Alt

Ásdís H. Runólfsdóttir
Barbara Stanzeit
Birna Björnsdóttir
Elfa Lilja Gísladóttir
Erla Þuríður Pétursdóttir
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
Kristín Sigurðardóttir
Laufeý Kristinsdóttir
Oddný Þorsteinsdóttir
Unnur Pálsdóttir

Bassi

Björn Jónsson
Eðvarð Ingólfsson
Gunnar Ben
Kári Allansson
Már V Magnússon
Páll Gunnlaugsson
Páll K. Svansson
Sveinn Rúnar Hauksson
Þorvaldur Friðriksson
Þóroddur F. Þóroddsson

Um Jón Leifs Camerata

Hljómsveitin Jón Leifs Camerata var stofnuð 28. nóvember 2002 af Hákonni Leifssyni og Jóhannesi Georgssyni.

Hljóðfæraleikarar í hljómsveitinni eru allir meðlimir í Sinfóníuhljómsveit Íslands, en stærð hljómsveitarinnar fer eftir því verki sem verið er að flytja hverju sinni.

Markmið Jón Leifs Camerata er að styrkja starfsemi kóra, einleikara og tónskálda bæði við frumflutning á nýjum íslenskum verkum sem og flutning á eldri verkum, þekktum og óþekktum. Hljómsveitin hefur starfað óslitið frá upphafi undir stjórn Hákonar Leifssonar.

1. fiðla

Zbigniew Dubik
Martin Frewer
Hildigunnur Halldórsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ágústa Jónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

2. fiðla

Andrzej Kleina
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Bryndís Pálsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

Víóla

Mark Readman
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Hilmarsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson

Selló

Sigurður Haraldsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Viktoría Tsarewskaia

Bassi

Jóhannes Georgsson
Hávarður Tryggvason

Harpa

Elísabet Waage

Óbó

Daði Kolbeinsson
Matthias Nardeau

Flauta

Ásthildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Guðrún Birgisdóttir

Klarinett

Sigurður I. Snorrason
Helga Björg Árnadóttir

Fagott

Brjánn Ingason
Darren Stoham

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Lilja Valdimarsdóttir
Porkell Jólsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Davíð Bobroff

Túba

Bjarni Guðmundsson

Pákur

Eggert Pálsson

Tónastöðinni finnur þú einstakt úrval hljóðfæra á góðu verði, nótur og fylgihúti.
Hjá okkur færðu laglega þjónustu byggða á þekkingu og áralangri reynslu.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir sölistarmanninn

Tónastöðin • Skipholtí 50d • s: 552 1185 • www.tonastodin.is

Þakkir fyrir veittan stuðning

Eliás Davíðsson fyrir undirleik á æfingum
Gerrit Schuil fyrir leiðsögn og stjórn á æfingum
Jón Þorsteinsson fyrir raddþjálfun
Melaskóli fyrir æfingahúsnæði
Neskirkja fyrir æfingahúsnæði

Blómabúðin Dalía, Fákafeni 11
Eggert Feldskeri, Skólavörðustíg 38
Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja, Þverholt 13
Landsbankinn, Austurbæjarútibú, Laugavegi 77
12 tónar, Skólavörðustíg 15
Tónastöðin, Skipholtí 50d

*Hönnun og umbrot Carlos Ferrer.
Gefið út í 500 eintökum.
Guðjón Ó prentaði.*

 **GUÐJÓN Ó**
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA



Landsbankinn